



SEYÐISFJARÐARSKÓLI

- í hverju barni býr fjársjóður -

Skólaráðsfundur mánudaginn 27. apríl 2020 kl16:15

Mætt eru Vilborg, Guðrún Ásta, Jóna Mist, Ari Björn og Ágústa, 'Osk, Svandís

Fundurinn fer fram á Zoom vegna Covid heimsfaraldurs

Dagskrá fundar:

Lestur fundargerðar síðasta fundar

Fundagerðin samþykkt án athugasemda

Skóladagatöl

Farið yfir dagatöl og þau samþykkt án athugasemda. Rætt um hvort ástæða væri til að hafa sumarfrí opnara í leikskóladeildinni og þá þannig að foreldrar gætu valið 4 vikur. Eins var rætt um hvort að það væri möguleiki á að hafa starfsmannafundina á leikskóladeild á mismunandi dögum. Í könnun sem gerð var í fyrra varðandi fundartíma kom þessi tími best út og ástæða þess að fundir eru alltaf sama daginn er sú að foreldrar eiga það til að gleyma fundunum og sérstaklega ef þeir bera ekki upp á sama vikudaginn, en með þessu móti er verið að reyna að auka líkurnar á að foreldrar muni eftir fundunum.

Mönnun næsta skólaár 2020-2021

Rætt um fjölda umsókna við stöður sem auglýstar voru en gríðarlegur fjöldi umsókna barst .m.a. yfir 41 umsóknir um stöðu aðstoðarmatráðs og 14 umsóknir um stöðu stjórnanda í listadeild. Skólastjóri vinnur úr þessum umsóknum á næstunni og auglýst verður aftur um þær stöður sem ekki bárust umsóknir í.

Breytingar á skólastarfi/önnur mál:

Ekki liggja fyrir meiriháttar breytingar á skólastarfi aðrar en þær er snerta mönnun. Þó eru 70 Ípadar nú tilbúnir til notkunar og verða teknir í notkun af krafti næsta skólaár.

Skólastjóri hefur rætt við matráð um að kaupa salladbar, örbylgjuofn og samlokugrill til að nýta í mötuneyti.

Nemandi leggur til að námsráðgjafi verði fenginn til að koma að nemendamálum nú í maí til að aðstoða með prófkvíða.

Skólastjóri ætlar að ræða við bæjarstjóra og aðstoðarskólastjóra í leikskóladeild um þörf á að breyta leikskóladeildinni í gæsluvöll í sumar í t.d. 4 tíma á dag í einhverjar vikur. Sem viðbragð við því að fólk mun ef til vill þurfa að haga sumarfrí sínu öðru vísi en vanalega vegna tekjumissis vegna Covid.

Skólastarf á tímum COVID heimsfaraldurs.

Að mati nemenda, kennara, foreldra og fulltrúa annarra starfsmanna hefur skólastarf í tímum Covid gengið á margan hátt vel og verið til þess að margir nemendur og kennarar eru einbeittari og slakari og jafnvel þótt fyrirkomulagið þægilegra, en hefur þó haft galla varðandi félagslegar tengingar kennara, nemenda og foreldra sem ekki voru í forgangshópi í leikskóladeildinni. Það hefur t.d. verið mjög leiðinlegt að allt félagslíf nemenda í unglingadeild hefur legið niðri. Eins hefur líka verið galli að hafa sömu námsgreinarnar, t.d. vantar dönsku og íþróttir/sund.

Fundargerð ritar Skólastjóri